



Forvarnastefna Dalvíkurbyggðar

Stefna Dalvíkurbyggðar í forvörnum nær til allra íbúa sveitarfélagsins. Mikilvægt er að forvarnir séu í brennidepli og unnar með sameiginlegu átaki allra íbúa.

Í forvarnastefnu Dalvíkurbyggðar er lögð áhersla á að efla fjölskylduna. Hún miðar að því að forvarnastarf nái til flestra þeirra þátta sem hafa áhrif á heilbriggt lífni íbúanna og reynt verður, af hálfu sveitarfélagsins, að tryggja jákvætt umhverfi fyrir fjölskyldur. Þannig styrkist undirstaðan að heilbrigðu og jákvæðu samfélagi.

Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna. Einnig þjálfarar, leiðbeinendur, kennarar og aðrir þeir er koma að uppeldi barna. Forvarnir byrja heima og eru foreldrar því hvattir til að fylgja börnum sínum vel eftir, t.a.m. eiga góðar stundir með þeim, fylgja útivistarreglunum og skapa börnunum örugg uppeldisskilyrði.

Allir samstarfsaðiliar geri sér grein fyrir að árangur í forvörnum næst ekki nema með víðtækri samvinnu allra aðila.

Ekkert mannlegt er forvarnastarfinu óviðkomandi.

Leiðarljós

- Fjölskyldan er hornsteinn samfélags, sem samanstendur af einstaklingum á öllum aldri, óháð trú, kynþætti og kynhneigð
- Foreldrar og fjölskyldan eru mikilvægasti aðilinn í forvörnum
- Grundvallaratriði að fjölskyldan standi traustum fótum og fái stuðning frá umhverfinu
- Jákvæð og sterk sjálfsmynd íbúanna
- Heilbrigðir lífshættir
- Fordómalaust samfélag

Meginmarkmið

Stjórnsýslan og þær stofnanir og félagasamtök sem eiga í samstarfssamningi við hana setja sér stefnu í forvörnum sem samræmist forvarnastefnu Dalvíkurbyggðar. Þessu verður fylgt eftir með því:

- að sjá til þess að forvarnir verði fastur og reglulegur þáttur í starfsemi þeirra félaga, fyrirtækja og stofnana sem koma að málefnum fjölskyldunnar í sveitarfélaginu.
- að þeir sem komi að málefnum fjölskyldunnar verði góðar fyrirmyndir.
- að stjórnsýslan og samstarfsaðilar sýni gott fordæmi og veiti ekki áfengi eða önnur vímuefni á opinberum vettvangi.
- að efla vitund íbúa um mikilvægi forvarna og hvetja þá til samstöðu og þátttöku.



Framkvæmd

Félagsmálaráð ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Ráðið skal sjá um eða fylgja eftir framkvæmd einstakra þátta og boða til samráðsfunda með þeim aðilum er þurfa þykir hverju sinni. Áætlun þessa skal endurskoða árlega. Forvarnastefna Dalvíkurbyggðar verði prentuð og dreift á hvert heimili í sveitarfélaginu.

Framtíðarsýn

Heilbrigt samfélag sem verði áfram öflugt og í forystu. Gagnkvæm virðing og umburðalyndi verði í forgangi, fordómum og einelti verði hafnað. Einstaklingurinn verði sjálföruggur og læri að setja sjálfum sér og öðrum mörk, og fari eftir þeim. Hann hafi kjark til að velja og styrk til að hafna því sem hann vill ekki taka þátt í. Íbúum líði vel með sjálfa sig og samkennd og samfélagshjálp blómstri.

Samstarfsaðilar

Grunnskólar, leikskólar, tónlistaskóli, félagsmiðstöðin Týr, vinnuskóli, Félag eldri borgara í Dalvíkurbyggð, lögregla, slökkvilið Dalvíkur, heilsugæsla, kirkjur, Björgunarsveit Dalvíkur, Leikfélag Dalvíkur, Slysavarnardeild Dalvíkur og RKÍ.

Íþróttafélög:

Ungmennafélag Svarfdæla, Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður, Ungmennafélagið Reynir, Sundfélagið Rán, Skíðafélag Dalvíkur, Golfklúbburinn Hamar, Hestamannafélagið Hringur, Grjótglímufélagið og Mótorfélag Dalvíkur.



Efling félagsauðs í samfélögum leysir úr læðingi krafta sem styrkja gott mannlíf og hafa jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf.

Grunnskólar – leikskólar – tónlistaskóli

Mikilvægt er að innleiða forvarnir frá unga aldri. Hægt er að koma í veg fyrir einelti, vanlíðan og svo seinna meir neyslu á vímuefnum með því að vinna markvisst að forvörnum frá byrjun. Forvarnir taka til allra þátta daglegs lífs, meðal annars eineltis og vímuefnaneyslu. Skólarnir spila stóran sess í lífi nemenda á öllum aldri. Nemendur læra að setja sér mörk og þurfa að tileinka sér sjálfsaga í námi.



Félagsmiðstöðin Týr

Mjög mikið og gott forvarnastarf fer fram í félagsmiðstöðinni og er það á ábyrgð þeirra sem þar stjórna, hversu vel þær forvarnir ná til barnanna. Byggt er á áhuga og virkni unglínganna sjálfra þannig að þeir séu virkir og ábyrgir þátttakendur í félagsstarfinu.

Vinnuskóli

Vinnuskólinn er vettvangur fyrir alls kyns forvarnir þar með talið vímuvarnir, öryggismál og vinnutækni. Starfsfólk unglíngavinnu sjái um að leiðbeina unglíngum í leik og starfi, séu jákvæðar fyrirmyndir og setji skýr mörk við neikvæðri hegðun.

Félag eldri borgara í Dalvíkurbyggð og Dalbær

Það starf sem fram fer í félagi aldraðra og í tómstundastarfi á Dalbæ, er mikilvægur þáttur í lífi aldraðra í sveitarfélaginu. Það eflir félagsauð og getur komið í veg fyrir einangrun.

Lögregla

Lögregla kemur að allri umferðafræðslu og forvörnum. Lögregla sér um að efla samvinnu við foreldra um útivistareglur og að þær verði virtar.

Slökkvilið Dalvíkur

Slökkvilið kemur að brunavörnum fyrir sveitarfélagið. Starfsmenn heimsækja leik- og grunnskóla og fræða nemendur og stjórnendur um eldhættur og rétt viðbrögð til að minnka áhættu bæði í heimahúsum og stofnunum.

Heilsugæsla

Heilsugæsla kemur að alls kyns fræðslu og forvörnum tengdum lífstíl og heilbrigði; námskeið fyrir verðandi foreldra, foreldrafærni námskeið, ungbarnaeftirlit, skólahjúkrun og persónuleg ráðgjöf.

Kirkjur

Æskulýðsstarf í kirkjum og trúfélögum er mjög öflugt og þar af leiðandi góð forvörn fyrir börn og unglínging í sveitarfélaginu.



Björgunarsveit, Slysavarnardeild og RKÍ á Dalvík

Björgunarsveitin og Slysavarnardeildin á Dalvík er hluti af einingu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys, bjarga mannlífum og verðmætum. Einnig er Björgunarsveitin með öflugt unglिंगastarf innan sveitarinnar, þar sem lögð er áhersla á heilbrigða lífshætti. Leiðbeinendur séu jákvæðar fyrirmyndir og setji skýr mörk við neikvæðri hegðun.

Rauði krossinn leggur ríka áherslu á viðbrögð og viðbúnað við tímabundinni neyð. Rauði krossinn tryggir öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð á Íslandi og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum landsins.

Leikfélag Dalvíkur

Leikfélagið hefur sýnt fram á mikilvægi sitt í forvörnum t.d. í samstarfi við grunnskólann, stuðlar félagið að sjálfsstyrkingu unglinga. Það er viðurkennd staðreynd að þátttaka í listastarfi er mikilvægur þáttur í öllu forvarnarstarfi.

Íþróttafélög – hestamannafélag

Íþróttafélög sem hafa með börn og unglinga að gera er ætlaður hlutur í framkvæmd forvarnarstefnu Dalvíkurbyggðar, þar sem þau hafa með höndum mikilvægt uppeldishlutverk í æskulýðs- og íþróttastarfi. Þar skal lögð áhersla á jákvætt, uppbyggilegt starf sem skili af sér sterkari, sjálfsöruggari einstaklingum. Félögin skulu stuðla að fræðslu á sviði forvarna og eiga gott samstaf við aðra aðila er að þeim málum koma í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að félögin setji forvarnarstarf í markmið sín og hafi ekki vímuefni um hönd í starfi eða á samkomum í nafni félaganna þar sem börn og ungmenni eru þátttakendur.

Vingjarnlegt orð sem fellur í dag getur borið ávöxt á morgun

Mahatma Gandhi.